



Erindi nr. P 128/306
komudagur 28.11.2002

Hallveigarstöðum, 27. nóvember 2002

Félagsmálanefnd Alþingis,
Hildur Njarðvík, nefndarritari,
Nefndasviði Alþingis, Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Mál: Þingsályktunartillaga um kvennahreyfinguna á Íslandi, 19. mál.

Umsögn frá Kvenfélagasambandi Íslands.

Starf frjálsra félagasamtaka er mikilvægt og hefur að undanfögnu aukist skilningur og viðurkenning á því í þjóðfélaginu. Hafa frjáls félagasamtök innt af hendi í sjálfboðinni vinnu ómælt framlag til ýmissa málefna í þágu almennings. Víða erlendis hafa frjáls félagasamtök myndað heildarsamtök og hafa þá afl til að mynda þrýstihópa um ýmis baráttumál sem horfa til heilla fyrir almenning. Ekki hefur enn tekist að mynda slík samtök hér á landi.

Umrædd þingsályktunartillaga er einkum ætluð til stuðnings samtökum kvenna, og þá helst til að styðja starf er beinist að jafnrétti meðal kynja og ýmissa starfshópa, sem búa við misjöfn skilyrði. Víða er enn pottur brotinn í þeim málum og mætti slík fjárveiting geta orðið til að auðvelda leiðréttingu á misrétti.

Kvenfélagasamband Íslands er samband kvenfélaga á öllu landinu. Mörg félög eru fámenn og hafa litla burði til að styðja konur í sínu héraði til ýmissa brýnna mála sem horfa til heilla og framfara. Félög kvenna hafa hingað til lagt allt það fé sem safnast til þeirra til líknar- og menningarmála fyrir almenning, en ekki sparað til að rétta sinn hlut í hörðum heimi.

Það væri því vissulega fagnaðarefni ef hið háa alþingi veitti til kvennahreyfingarinnar fé til að bæta skilyrði kvenna til að að koma í framkvæmd ýmsum þeim málum sem leiðréttu aðstöðu þeirra og veiti þeim betri möguleika til að taka þátt í starfi sem varða hag almennings og bæði kyn þurfa að koma jafnt að.

Virðingarfyllst,
f.h. Kvenfélagasambands Íslands

Helga Guðmundsdóttir
Forseti KÍ